

Reykjavík 17. desember 2012

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum (hækkun greiðslna og lenging).**

Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á þá grundvallarreglu barnaréttarins og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að ávallt beri að hafa hag og þarfir barnsins að leiðarljósi þegar málefni þess eru ráðin, sama hver þau eru.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi fagna lengingu fæðingar- og foreldraorlofs og fyrirhuguðum hækkunum á greiðslum. Slíkt er mikil réttarbót fyrir börn og foreldra á Íslandi. Mikilvægt er að stuðlað sé að því að báðir foreldrar nýti þann rétt sem þeim er tryggður með lögum, en slíkt er barninu fyrir bestu. Með lengingu fæðingar- og foreldraorlofs er jafnframt styttri tími frá því að orlofi lýkur, þar til barn fær leikskólavist. Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja mikilvægt að stefnt verði að því að sveitarfélög tryggi börnum örugga vistun strax að fæðingar- eða foreldraorlofi loknu og þannig skapist ekki óvissuástand með umönnun barnsins, eins og nú er, þar sem barn fær að jafnan ekki leikskóalvist fyrr en um tveggja ára aldur. Samtökin telja því að ekki skuli færa til fyrra horfs rétt foreldra til að dreifa fæðingarorlofi sínu, heldur skuli sá réttur vera 24 mánuðir.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi vilja vekja athygli á því að í umsögn sem samtökin sendu frá sér 15. mars s.l. um frumvarp til breytinga á lögum þessum, kom fram að samtökin telja að rýmka eigi rétt til framsals á milli foreldra. Ef annað foreldrið getur ekki einhverra hluta vegna nýtt rétt sinn til fæðingar- eða foreldraorlofs, skuli vera hægt að framselja þann rétt til hins foreldrisins. Samtökin telja þó afar mikilvægt að þessi réttur sé aðeins veittur í undantekningartilfellum. Einnig vilja samtökin benda á í þessu samhengi að tryggja þarf réttindi barna einstæðra foreldra þar sem hitt foreldrið er ekki til staðar þannig að þau fái jafnan tíma með foreldri á við önnur börn.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja afar mikilvægt að öll börn fái notið samvista foreldris óháð stöðu foreldra þess. Rétturinn á að vera barnsins og mikilvægt að hagsmunir þess séu fyrst og fremst hafðir að leiðarljósi.

Þau tilfinningatengsl sem myndast milli barns og foreldris á fyrsta ári barnsins eru grunnurinn að öðrum tilfinninga- og félagstengslum síðar á ævinni. Barn sem nær að myndað góð og heilbrigð tengsl við foreldra sína er með sterkari sjálfsmynd en barn sem ekki nær að mynda slík tengsl og mun því ganga betur í leik og starfi. Lög um fæðingar- og foreldraorlof þurfa að taka mið af þessu.

Virðingarfyllt  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi  
Erna Reynisdóttir  
framkvæmdastjóri

Barnaheill - Save the Children Iceland - Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík  
s. 553 5900 - fax. 553 5960 - barnaheill@barnaheill.is - www.barnaheill.is